

Viðbrögð leikskólakennara við HLJÓM-2 í leikskólum Árnassýslu og samvinna við foreldra og grunnskóla

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða viðbrögð við niðurstöðum skimunarprófsins HLJÓM-2 í leikskólum í Árnassýslu. Athugað var hvort foreldrar og grunnskólakennarar þekktu til prófsins og þeirrar íhlutunar sem fram fer í leikskólanum í kjölfarið og hvort grunnskólakennarar nýttu sér þær upplýsingar. Þátttakendur voru alls 207, 158 foreldrar, 31 deildarstjóri í leikskólum og 18 umsjónarkennarar. Niðurstöður sýna almenna notkun og ánægju með skimunina meðal leikskólakennaranna. Börn sem greinast í áhættuhópi fá í kjölfarið sérstaka íhlutun í leikskólanum. Foreldrar eru í flestum tilfellum upplýstir um að það standi til að leggja fyrir HLJÓM-2. Upplýsingar um það sem felst í íhlutuninni virðast skila sér illa bæði til grunnskólans og foreldra. Umsjónarkennarar fengu upplýsingar um það hvaða börn höfðu greinst í áhættu með lestrarerfiðleika en nýttu sér þær að takmörkuðu leyti við skipulag lestrarkennslunnar. Efla þarfsamvinnu milli skólastiga og við foreldra með það að leiðarljósi að skapa frekari samfellu í námi barnanna.

Efnisorð: HLJÓM-2, snemmtæk íhlutun, samvinna skólastiga, foreldrasamvinna, lestrarnám

INNGANGUR

Rannsóknir hafa sýnt að málþekking (e. language knowledge) barna við upphaf grunnskólagöngu getur spáð fyrir um lestrarnám og þar með námsgengi barnanna (sjá t.d. Catts, Fey, Tomblin og Zhang, 2002; Hayiou-Thomas, Harlaar, Dale og Plomin, 2010; Hulme og Snowling, 2009; Jóhönnu Einarsdóttur, Ingibjörgu Símonardóttur og Amalíu Björnsdóttur, 2011; Vellutino, Fletcher, Snowling og Scanlon, 2004). Mikill munur er á málþekkingu barna þegar þau hefja nám í grunnskóla. Sum börn eru vel undirbúin og jafnvel orðin læs (Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, 2011) meðan önnur standa langt að baki jafnöldrum í málþroska (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009). Niðurstöður íhlutunarrannsókna benda til

Þess að hægt sé að hafa áhrif á málþekkingu barna og með snemmtækri íhlutun sé jafnvel hægt með viðeigandi örvun að koma í veg fyrir lestrarerfiðleika (sjá t.d. Hulme og Snowling, 2009; Torgesen, 2001, 2002).

Árið 2002 var skimunarprófið HLJÓM-2 gefið út en það var hannað til að finna börn á leikskólaaldri sem ættu á hættu að lenda í lestrarerfiðleikum (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2003). HLJÓM-2 er lagt fyrir í flestum leikskólum landsins (Margrét H. Þórarinsdóttir, Júlíana Harðardóttir, Björg Alfreðsdóttir, Ingibjörg Bjarklund og Agnes Agnarsdóttir, 2010). Forspárréttmæti HLJÓM-2 virðist gott; niðurstöður spá fyrir um árangur í lestri í fyrstu bekkjum grunnskólans og fylgni er milli árangurs á HLJÓM-2 og samræmdra prófa upp allan grunnskólann (Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2004; Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2011).

Í þessari grein er skoðað hvernig brugðist er við niðurstöðum HLJÓM-2 í leikskólum. Sérstaklega er skoðað hvort foreldrar og grunnskólakennarar þekkja til prófsins og þeirrar snemmtæku íhlutunar sem fram fer í leikskólanum í kjölfar fyrirhugnaðs prófsins og hvort grunnskólakennarar nýti sér þær upplýsingar á einhvern hátt með samfellu í námi barnanna í huga.

Undirbúningur og forspárþættir lestrarnáms

Flestir eru sammála um að lestur byggist í grófum dráttum á tveimur þáttum, annars vegar hæfileikanum að geta umskráð bókstafi (hljóð) í orð (sjá t.d. Goswami og Bryant, 1990) og hins vegar skilningnum á því sem lesið er (sjá t.d. Oakhill, Cain og Bryant, 2003). Umskráning er færni sem byggist á því að umbreyta hverjum bókstaf í hljóð og tengja hljóðin saman í orð. Lesskilningur vísar til skilnings á texta sem aftur byggist á skilningi á töluðu máli, góðum orðaforða og skilningi á byggingu setninga. Fyrirhafnarlaus og ósjálfráður lestur á texta er nauðsynlegur til að geta unnið upplýsingar og skilið það sem lesið er.

Lestrarnámið byggist á færni og kunnáttu í tungumálinu sem börn öðlast á leikskólaárunum. Fjölbreytt og margbreytileg notkun tungumáls í umhverfi barna hefur jákvæð áhrif á málþroska þeirra. Orðaforði og málfræðiþekking eykst við að hlusta á sögur og frásagnir en einnig við það að fá tækifæri til að tjá sig og nota málið í samskiptum við aðra (Otto, 2010). Rannsóknir hafa sýnt fram á að umhverfi leikskólabarna og sú málörvun sem þar fer fram hefur mikil áhrif á málþekkingu þeirra (sjá t.d. Hoff, 2003; Huttenlocher, Vasilyeva, Cymerman og Levine, 2002). Í málörvuninni þarf bæði að vinna að því að auka orðaforða barnanna og örva hljóðkerfisvitund þeirra (Foorman, Anthony, Seals og Mouzaki, 2002; Snow, Burns og Griffin, 1998).

Hljóðkerfisvitund vísar til almennrar færni í að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orðanna. Þar er átt við færni eins og rím og sundurgreiningu og samtengingu atkvæða og hljóða. Með hugtakinu hljóðvitund, sem er undirþáttur hljóðkerfisvitundar, er átt við skilning á því að hvert talað orð sé samsett úr röðum hljóða (Snow o.fl., 1998). Hljóðkerfisvitundin er líklega sá þáttur málþekkingar sem hefur verið mest rannsakaður í tengslum við lestrarnám (sjá t.d. Hulme og Snowling, 2009; Muter, 2006; Vellutino o.fl., 2004).

Snemmtæk íhlutun

Í hugtakinu snemmtæk íhlutun felst að reynt er að hafa áhrif á þroskaferil barna sem sýna frávik í þroska eins snemma og hægt er á lífsleiðinni. Oftast er miðað við að íhlutun fari fram fyrir sex ára aldur því þá er heilastarfsemin minnst sérhæfð og taugafrumurnar sveigjanlegar, en það eykur líkur á að hægt sé að hafa áhrif á taugaproska barna (Tryggvi Sigurðsson, 2003, 2008). Fjölmargar rannsóknir síðustu ára styðja þessa kenningu og hafa sýnt fram á að þjálfun hljóðkerfisvitundar með gagnreyndum aðferðum á leikskólaaldri leiðir til aukinnar virkni og breytinga á þeim svæðum heilans sem síðar tengjast lestri (sjá t.d. Shaywitz o.fl., 2004). Snemmtæk íhlutun varðandi lestrarerfiðleika felst í því að veita barni viðeigandi kennslu um leið og grunur vaknar um að það geti átt á hættu að lenda í erfiðleikum með lestrarnámið (Morrow, 2001). Skimunin með HLJÓM-2 hefur snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Markmiðið er þar af leiðandi að hefja íhlutun um leið og grunur vaknar um að barnið sé að dragast aftur úr og vísa þeim börnum áfram sem þurfa frekari greiningu (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

Foreldrar eru lykilpersónur í snemmtækri íhlutun barna sinna. Þeir þurfa því að vera vel upplýstir um þá þjálfun sem barnið fær eða þarf á að halda. Sýnt hefur verið fram á að virkt samstarf og þátttaka foreldra í íhlutun barna tryggir betri árangur (Diggle og McConachie, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2008). Í nýlegri samanburðarrannsókn var sýnt fram á að regluleg ráðgjöf og stuðningur við foreldra barna í áhættuhópi skilaði sér í betri máltjáningu í lestri og ritun barnanna (Sheridan, Knoche, Kupzyk, Edwards og Marvin, 2011). Miedel og Reynolds (1999) sýndu einnig fram á að virkni foreldra í námi og skóla barna á leikskólaaldri hefði jákvæð áhrif á lestrarnám barnanna síðar meir. Börnum foreldra sem voru virkir í skólasterfi þeirra gekk betur í lestri og námi almennt við 14 ára aldur en börnum foreldra sem höfðu verið lítt virkir í námi barnanna þegar þau voru yngri.

Margar rannsóknir hafa sýnt að markviss þjálfun, sérstaklega síðasta árið í leikskóla, sem fylgt er eftir upp í grunnskóla, getur í mörgum tilfellum komið í veg fyrir lestrarerfiðleika og dregið þannig úr þörf fyrir sérkennslu í grunnskóla. Í þessum rannsóknum á þjálfun hljóða og hljóðvitundar var sýnt fram á að með markvissri þjálfun er hægt að hafa áhrif á síðari færni í stafsetningu og lestri hjá börnum í áhættuhópum (sjá t.d. Borstrom og Elbro, 1997; Bradley og Bryant, 1983; Elbro og Petersen, 2004; Lundberg, 1994; Torgesen, 2002; Torgesen o.fl., 1999; Vellutino, Scanlon, Small og Fanuele, 2006). Markmið þessara rannsókna hefur verið að kanna áhrif þjálfunar á færni í umskráningu og lestri stakra orða. Rannsóknir um áhrif þjálfunar á því að auka orðaforða og almennan málskilning hafa einnig gefið jákvæðar niðurstöður þó vísbendingarnar séu ekki alveg eins sterkar og þegar unnið er með þjálfun hljóðvitundar/hljóðkerfisvitundar (Snowling og Hulme, 2011).

Bowyer-Crane o. fl. (2008) báru saman áhrif mismunandi þjálfunar á lestur, orðaforða og málskilning breskra barna sem höfðu sýnt slaka færni á skimunarprófi við fjögurra ára aldur. Í kjölfar skimunar 960 barna fengu þau 152 börn sem höfðu sýnt slökustu færni sértæka íhlutun. Borin voru saman áhrif tvenns konar íhlutunar, þ.e. annars vegar þjálfun í hljóðvitund og lestartengdum þáttum og hins vegar þjálfun í

almennum málþáttum þar sem unnið var með orðaforða, frásagnir og almennan mál-skilning. Þjálfunin hafði mismunandi áhrif eftir því með hvað var unnið. Hópurinn sem fékk þjálfun í hljóðvitund og lestri varð marktækt betri í þeim þáttum sem voru þjálfaðir en hópurinn sem fékk þjálfun í orðaforða og almennum mál-skilningi var marktækt betri í almennum málþáttum. Um helmingur barnahópsins þurfti áfram-haldandi stuðning við mál og lestur eftir að þjálfunartímabilinu lauk.

Birtar hafa verið niðurstöður úr einungis einni íslenskri rannsókn á áhrifum þjálf-unar hljóðkerfisvitundar á væntanlegt lestrarnám barna. Valin voru 160 börn fædd 1992, 1993 og 1994 úr tveimur leikskólum í Reykjavík. Börnin fædd 1993 og 1994 voru í tilraunahóp en til samanburðar voru höfð börnin fædd 1992. Öll börnin í tilrauna-hópnum í umræddum leikskólum fengu þjálfun í hljóðkerfisvitund með námsefninu *Markviss málöroun* (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999) en ekki bara þau sem greinst höfðu í áhættuhópi. Niðurstöður sýndu að börnin sem voru í tilraunahópnum (fjöldi 93) voru marktækt meðvitaðri um hljóðkerfi máls-ins eftir þjálfun en þau sem fengu ekki þjálfun í hljóðkerfisvitund (fjöldi 31) en nokkurt brottfall var meðal þátttakenda (Guðrún Bjarnadóttir, 2004).

HLJÓM-2

Skimunarprófið HLJÓM-2 var hannað til að leggja það fyrir börn í elsta árgangi leik-skólans með það í huga að leikskólakennarar gætu með markvissum hætti fundið börn í áhættuhópi varðandi lestrarerfiðleika. Eingöngu leikskólakennarar eða annað fagfólk getur, að undangengnu námskeiði, fengið réttindi til að leggja HLJÓM-2 fyrir og túlka niðurstöður prófsins. Þegar talað er um annað fagfólk er átt við menntaða starfsmenn sem vinna í leikskólum, til dæmis þroskaþjálfarar eða grunnskólakennara. Yfir 1000 leikskólakennarar og annað fagfólk hafa sótt námskeið og fengið réttindi (Ásdís Jónsdóttir, 7. október 2011, munnleg heimild). HLJÓM-2 var gefið út 2002 og hönnun þess var byggð á sex ára rannsóknnum á tengslum málþroska og lestrarnáms. Það samanstendur af sjö undirþáttum sem reyna á færni í rími og samtengingu og sundurgreiningu hljóða, atkvæða og orða (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002). Heildar-niðurstöður prófsins spá best fyrir um væntanlegt lestrarnám og námsgengi í grunn-skóla (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2003; Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2011). Flestir undir-þættir prófsins kanna hljóðkerfisvitund samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu þess hugtaks (sjá t.d. Snow o.fl., 1998). Sýni niðurstöður slaka eða mjög slaka færni gefst færi á að undirbúa nemandann til að takast á við væntanlegt lestrarnám með sérstakri örvun. Einnig er hægt að vísa honum í frekari greiningu eða til talmeinafræðings ef grunur er um frekari frávik í málþroska. Í handbók prófsins eru almennar leiðbeiningar um aðgerðir eftir fyrirögn og á réttindanámskeiðunum er bent á bækur sem hægt er að nota til að vinna með hljóð- og málvitund barna (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002). Engin námskeið fylgdu í kjölfar réttindanámskeiðanna um íhlutun eða örvun barna sem greindust í áhættuhópi eftir fyrirögn HLJÓM-2 né heldur leiðbeiningar um það hvert leikskólakennarar gætu leitað eftir ráðgjöf og stuðningi.

Í ársbyrjun 2010 var gerð könnun að tilstuðlan faghóps leikskólasérkennara um notkun HLJÓM-2 í leikskólum á Íslandi. Megintilgangurinn var að kanna hversu

útbreidd notkun HLJÓM-2 væri. Svör bárust frá 205 leikskólum eða 74% allra leikskóla á Íslandi. Af þeim leikskólum sem svöruðu könnuninni lögðu 96% þeirra HLJÓM-2 fyrir börnin (Margrét H. Þórarinsdóttir o.fl., 2010). Samkvæmt þessari könnun er skimunarprófið HLJÓM-2 lagt fyrir í langflestum leikskólum á Íslandi. Rannsóknir benda til þess að almennt séu leikskólakennarar ánægðir með HLJÓM-2 og notkun þess innan leikskólanna (Eydís Stefanía Kristjánsdóttir og Kristín Birgisdóttir, 2010; Guðrún Sigursteinsdóttir, 2007; Gyða Guðmundsdóttir, 2012; Margrét H. Þórarinsdóttir o.fl., 2010).

Guðrún Sigursteinsdóttir (2007) kannaði með viðtölum og með því að skoða starf átta leikskóla hvernig leikskólakennarar brugðust við börnum sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2. Helstu niðurstöður voru þær að kennararnir brugðust við niðurstöðum skimunarinnar með fræðslu og upplýsingum til annarra starfsmanna skólanna jafnframt því að gera námskrár eða áætlanir með börnunum í áhættuhópunum. Foreldrum voru kynntar niðurstöður prófsins og þeir fengnir til samstarfs um börn í áhættu. Íhlutunin fólst eingöngu í þjálfun hljóðkerfisvitundar og sérkennslutímar voru fáir, ekki var unnið á hverjum degi og einungis í tvo til sex mánuði. Í umræddum leikskólum virtist kennslan ekki vera nægilega skipulögð eða markviss, meirihluti kennaranna taldi sig skorta þekkingu til að vinna með börn í áhættuhópum og sóttist eftir aukinni fræðslu og stuðningi. Einungis tveir leikskólar af átta voru í samstarfi við grunnskóla barnanna um snemmtæka íhlutun vegna læsisnáms barna í áhættu. Leikskólakennararnir sóttust eftir slíku samstarfi en töldu óljóst hvernig miðla ætti upplýsingum milli skólastiga. Svipaðar niðurstöður komu fram í meistaraþrófsritgerð Gyðu Guðmundsdóttur (2012) sem var byggð á svörum 25 leikskólakennara um vinnu í leikskólum í kjölfar HLJÓM-2. Börn sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2 fengu stuðning (eitt til þrjú skipti í viku) en leikskólakennarar voru óöruggir varðandi bernskulæsi og hvernig ætti að vinna með börnin til að fyrirbyggja lestrarerfiðleika. Leikskólakennararnir virtust ekki vinna samkvæmt þeim áætlunum og hugmyndafræði sem erlendar rannsóknir höfðu sýnt að skilaði árangri.

Í nýlegri skýrslu, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011) um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum, kom fram að allir skólarnir lögðu HLJÓM-2 fyrir börnin. Í skýrslunni er hins vegar ekkert fjallað um það hvernig prófið er notað og nánast ekkert um málörvun barna í áhættuhópum eða um snemmtæka íhlutun.

Samstarf leik- og grunnskóla um málörvun og lestrarnám

Mikill áhugi hefur verið á því að skólastigin vinni sameiginlega að því að efla málþroska, læsi og lestrarnám barna. Í greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla frá Menntasviði Reykjavíkurborgar var bent á að efla mætti slíkt samstarf við undirbúning lestrarnáms með samvinnu um ákveðið námsefni og eflingu málvitundar (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006). Sérstakur starfshópur á vegum borgarinnar um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum lagði áherslu á að hvetja til samvinnu milli skólastiga um lestrarverkefni, meðal annars með sameiginlegum námskeiðum fyrir kennara á báðum skólastigum (Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2007).

Í lögum um leik- og grunnskóla frá 2008 eru ákvæði um að sveitarstjórnir skuli koma á gagnvirku samstarfi milli leik- og grunnskóla og að í sérfræðiþjónustu skuli lögð áhersla á góð tengsl leik- og grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Lög um leikskóla nr. 90/2008). Þrátt fyrir ákvæði í lögum og jafnvel áhuga fagfólks virðist samstarf milli leik- og grunnskóla hins vegar oft felast eingöngu í því að kynna starfsemi skólanna fyrir börnunum frekar en að leitast sé við að skapa samfellu í námi barnanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2004). Fyrirnefnd skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins um leik og læsi í leikskólum staðfestir þetta en samstarf skólanna virtist aðallega vera fólgið í gagnkvæmum heimsóknum barnanna, þ.e. úr leikskólanum í grunnskólann og öfugt. Einungis einn leikskóli vann með grunnskólanum við að efla læsi og lestrarnám barnanna en skólarnir voru í sameiginlegu húsnæði og virtist það auðvelda samvinnuna. Ekkert kemur fram í skýrslunni um samvinnu milli skólastiga um börn í áhættuhópi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011). Hliðstæðar eru niðurstöður Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) í ítarlegri rannsókn á skilum milli leik- og grunnskóla. Þar kemur fram að heimsóknir leikskólabarna í grunnskóla voru algengar og vel skipulagðar. Upplýsingar um börn með sérþarfir skiluðu sér ágætlega milli skólastiga en upplýsingar um aðra nemendur ekki eins vel. Skortur á samstarfi milli leik- og grunnskóla gat leitt til þess að sum barnanna sátu undir töluverðum endurtekningum fyrstu vikur eða mánuði í grunnskóla, sem meðal annars mátti rekja til góðrar bókstafaþekkingar fimm ára barna og færni þeirra í að tengja stafi í orð. Allt bendir til þess að skólastigin tvö þurfi að taka sig verulega á til að fylgja eftir ákvæði í lögum um gagnvirkt samstarf.

Markmið rannsóknarinnar

HLJÓM-2 er notað í flestum leikskólum landsins nú, þegar um tíu ár eru liðin frá útgáfu þess. Markmið rannsóknarinnar, sem hér er greint frá, var að kanna hvernig brugðist er við niðurstöðum HLJÓM-2 í nokkrum leikskólum og skoða samvinnu og upplýsingamiðlun til foreldra og grunnskólans um niðurstöðurnar. Til grundvallar voru lagðar eftirfarandi rannsóknarspurningar:

1. Hvernig bregðast leikskólakennarar við niðurstöðum HLJÓM-2?
2. Hvernig er samvinnu háttað við foreldra í kjölfar niðurstöðna HLJÓM-2?
3. Hvernig er samvinnu milli skólastiga háttað um niðurstöður HLJÓM-2?
4. Hvernig fylgja grunnskólakennarar eftir niðurstöðum HLJÓM-2 og þeirri íhlutun sem fram fer í leikskólanum?

AÐFERÐ

Þátttakendur

Leitað var til þriggja hópa í Árnassýslu, þ.e. allra deildarstjóra í leikskólunum og umsjónarkennara í 1. bekkjum í öllum grunnskólum í sýslunni auk allra foreldra sem áttu börn í 1. bekk vorið 2010. Úrtakið er hentugleikaúrtak og gaf færi á því að skoða reynslu þriggja hópa af sömu fyrirlögn á HLJÓM-2. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands vorið 2010 voru 15 leikskólar í Árnassýslu. Barnafjöldi í þeim var frá 14 til 134. Grunnskólar Árnassýslu voru tíu, og fjöldi nemenda frá 44 til 618 (Hagstofa Íslands, 2009). Spurningalistar voru sendir til allra í úrtakinu. Átta deildarstjórar af 39 sinntu eingöngu yngstu börnunum og höfðu ekki reynslu af kennslu eldri barna þannig að 31 deildarstjóri var í úrtakinu. Í sýslunni eru nokkrir misstórir þéttbýlisstaðir en einnig býr töluverður hluti íbúanna í dreifbýli.

Tafla 1. Þátttakendur í rannsókn í leik- og grunnskólum í Árnassýslu 2010

Þátttakendur	Fjöldi í úrtaki	Þátttakendur í rannsókninni	Svarhlutfall af heild
Deildarstjórar í leikskólum (15 skólar)	31	29	94%
Umsjónarkennarar í grunnskólum (10 skólar)	19	18	95%
Foreldrar nemenda 1. bekkjar (10 skólar)	214	158	74%
Alls	264	205	78%

Svarhlutfall foreldra og umsjónarkennara í grunnskólum og deildarstjóra í leikskólum í Árnassýslu var frá 74% til 95% (sjá töflu 1) eða að meðaltali 78%.

Mælitæki og framkvæmd rannsóknarinnar

Rannsóknin var megindleg en notaðir voru þrjár spurningalistar við gagnaöflun sem unnir voru fyrir deildarstjóra leikskólanna, umsjónarkennara í 1. bekk og foreldra barna í 1. bekk. Spurningakannanir eru mikið notaðar í menntarannsóknnum og eru helstu kostirnir þeir að hægt er að fá miklar upplýsingar á tiltölulega stuttum tíma (McMillan, 2012; Þorlákur Karlsson, 2003). Réttmæti niðurstaðna má auka með því að vanda bæði val á spurningum og orðalagi þeirra. Í þessari rannsókn voru spurningarnar hannaðar með hliðsjón af niðurstöðum innlendra rannsókna um tengt efni (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2003; Guðrún Sigursteinsdóttir, 2007). Spurningalistarnir voru enn fremur forprófaðir meðal reyndra leik- og grunnskólakennara sem ekki tóku þátt í rannsókninni. Spurningalisti til foreldra var forprófaður meðal kennara sem voru einnig foreldrar. Spurningalistarnir voru mismunandi að gerð en nokkrar spurningar voru eins í þeim spurningalistum sem lagðir voru fyrir deildarstjóra og umsjónarkennara. Notaðar voru fjölvalsspurningar en í spurningalistum til kennara

(leik- og grunnskólakennara) var þeim boðið að lýsa skoðun sinni á undirbúningi að lestrarnámi (sjá Guðrún Þóranna Jónsdóttir, 2010). Í þessari grein er einungis fjallað um valdar spurningar úr spurningalistanum sem tengjast beint rannsóknarspurningum greinarinnar.

Í byrjun janúar 2010 var haft samband við yfirmenn fræðslumála í öllum sveitarfélögum Árnessýslu, rannsóknin kynnt og óskað eftir leyfi til að fá að leggja fyrir spurningalista í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna. Að fengnu leyfi voru flestir leik- og grunnskólar í Árnessýslu heimsóttir, í nokkrum tilfellum (16%) var haft samband símleiðis, rannsóknin kynnt og spurningalistar afhentir ásamt upplýsingabréfi til þeirra sem svöruðu listunum. Umsjónarkennarar 1. bekkja tóku að sér að koma spurningalista ásamt upplýsingablaði til foreldra nemenda og taka síðan aftur við útfylltum spurningalistum og senda til rannsakenda. Foreldrar svöruðu spurningunum allt að einu og hálfu ári eftir að skimunin hafði verið lögð fyrir börnin þeirra. Spurningalistar og upplýsingablöð voru send í pósti til þeirra kennara sem samband var haft við símleiðis. Útfylltir spurningalistar bárust rannsakendum í lokuðum umslögum sem fylgdu hverjum lista tveimur til tíu vikum eftir að þeir voru sendir. Ekki var vitað hvaðan hvert svar kom. Svörin voru nafnlaus og ekki rekjanleg.

NIÐURSTÖÐUR


Hér á eftir verður fyrst greint frá notkun HLJÓM-2 í leikskólunum, viðbrögðum leikskólakennara, íhlutun í leikskólunum og upplýsingum leikskóla til foreldra; síðan verður gerð grein fyrir því hvernig foreldrarir sjálfir sögðust hafa verið upplýstir um HLJÓM-2. Þá verður fjallað um samvinnu milli skólastiga um HLJÓM-2 og hvernig grunnskólakennarar nýttu sér skimunina og þá íhlutun sem hafði farið fram í leikskólanum.

HLJÓM-2 í leikskólum

HLJÓM-2 reyndist vera lagt fyrir í flestöllum leikskólum í Árnessýslu eða í 14 leikskólum af 15. Deildarstjórnir voru ánægðir með prófið; 93% þeirra sögðu að það nýttist vel eða mjög vel. Eftir fyrirlögn HLJÓM-2 sögðust um 60% leikskólakennaranna nýta niðurstöður prófsins eingöngu vegna barna sem sýndu slaka eða mjög slaka færni, annaðhvort með því að upplýsa aðra starfsmenn leikskólans og samræma þjálfun þessara barna (30%) eða vísa þeim til sérkennara skólans (30%). Einungis um fjórðungur (26%) sagðist nýta niðurstöður prófsins fyrir öll börnin (bæði þau sem greindust í áhættu og hin, sem greindust ekki í áhættuhópi) og nota þær til að samræma þjálfun fyrir alla í framhaldinu. Um 10% deildarstjóranna töldu ekki þörf á að breyta þeirri vinnu sem fyrir var eftir fyrirlögn prófsins. Á mynd 1 sést hverju deildarstjórar svara um íhlutun barna í áhættuhópi í kjölfar skimunarinnar. Deildarstjórnir sögðust annaðhvort vinna með börn sem höfðu sýnt slaka eða mjög slaka færni hvert út af fyrir sig (49%) eða í litlum hópum (48%). Heldur fleiri sögðust leggja áherslu á alhliða málörvunarverkefni (51%) en um 45% lögðu meiri áherslu á þjálfun í hljóðkerfisverkefnum eða verkefnum sem eru hliðstæð þeim sem eru í HLJÓM-2. Fram kom

einnig að HLJÓM-2 var lagt tvisvar fyrir meirihluta (78%) þeirra barna sem greinst höfðu með slaka eða mjög slaka færni.


Mynd 1. Svör deildarstjóra í leikskólum um íhlutun vegna barna sem sýndu slaka eða mjög slaka færni eftir fyrirlögn HLJÓM-2



Upplýsingar til foreldra


Nær allir deildarstjórar (93%) sögðu að foreldrar fengju upplýsingar um prófið áður en það væri lagt fyrir. Eftir fyrirlögn HLJÓM-2 sögðust 78% deildarstjóranna upplýsa alla foreldra um niðurstöður en 37% héldu fund með foreldrum, 22% héldu fund með foreldrum og sendu bréf í framhaldi af honum og 19% sendu bréf til foreldra. Um 15% sögðust einungis hafa haldið fund með foreldrum nemenda sem sýndu slaka færni eða mjög slaka færni (sjá mynd 2). Deildarstjórar svöruðu flestir að það væri góð samvinna við foreldra í framhaldi fyrirlagnar; 42% deildarstjóra sögðu að mikið samstarf væri við alla foreldra en 53% deildarstjóra sögðu samstarfið aðallega vera við foreldra barna sem sýndu slaka færni eða mjög slaka færni.

Mynd 2. Svör deildarstjóra í leikskólum um miðlun upplýsinga um niðurstöður HLJÓM-2 til foreldra



Foreldrar (mæður í 87% tilfella) voru einnig spurðir beint um ýmsa þætti varðandi skimunarprófið HLJÓM-2. Hafa ber í huga að oftast er prófið lagt fyrir að hausti síðasta ár barnsins í leikskóla og því gat liðið allt að eitt og hálf ár frá því að barnið tók prófið þangað til foreldrið svaraði spurningunum. Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu fengið upplýsingar um tilgang og eðli skimunarinnar með HLJÓM-2 (sjá mynd 3) og sögðust 72% þeirra hafa fengið upplýsingar um skimunarprófið, 46% sögðust hafa fengið mjög góðar upplýsingar en 26% kváðust hafa fengið frekar litlar upplýsingar. Þess ber að geta að 28% svöruðu ekki eða sögðust ekki hafa fengið neinar upplýsingar.

Mynd 3. Svör foreldra um miðlun upplýsinga um eðli og tilgang HLJÓM-2




Foreldrar voru spurðir um niðurstöður barnsins úr HLJÓM-2. Þar svöruðu 27% foreldra því að barnið hefði sýnt mjög góða færni og 34% sögðu að barnið hefði sýnt meðalfærni, 11% sögðu að barnið hefði sýnt slaka færni en enginn sagði að barnið hefði sýnt mjög slaka færni. Þá svaraði 21% ekki þessari spurningu, 3% sögðust ekki hafa fengið upplýsingar og 3% mundu það ekki.

Einnig var skoðað hvort foreldrar hefðu fengið leiðbeiningar eða ráðgjöf í framhaldi af niðurstöðum úr HLJÓM-2. Um fjórðungur foreldra (24%) sagðist hafa verið vel upplýstur og boðaður á sérstakan fund þar sem niðurstöður voru útskýrðar. Annar fjórðungur (24%) foreldra sagði að niðurstöður hefðu verið ræddar á næsta foreldrafundi. Færri sögðust hafa fengið skriflegar upplýsingar (8%), þeir sem sögðust hafa fengið lauslegar upplýsingar voru 9% og 13% sögðust engar upplýsingar hafa fengið. Það vekur athygli að stór hluti foreldra svaraði ekki þessari spurningu eða 21%. Fram kom að 77% foreldra þeirra barna sem sýndu slaka færni sögðust hafa fengið mjög góða ráðgjöf í kjölfar fyrirlagnar HLJÓM-2. Þau hefðu verið boðuð á sérstakan fund og niðurstöður útskýrðar.

Samvinna milli skólastiga

Upplýsingar um börn í áhættuhópi virðast berast milli skólastiga en næstum allir umsjónarkennarar (94%) sögðust hafa fengið upplýsingar um hvaða nemendur í þeirra bekk hefðu sýnt slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2. Rétt um helmingur deildarstjóra leikskólans (48%) sagðist láta niðurstöður úr HLJÓM-2 fylgja öllum börnum úr leikskóla í grunnskóla en um þriðjungur (34%) deildarstjóra sagðist að eins láta fylgja niðurstöður barna sem sýndu slaka eða mjög slaka færni. Aðeins um helmingur umsjónarkennara sagðist hafa fengið upplýsingar um þá þjálfun sem fram fór í leikskólanum í kjölfar HLJÓM-2 (sjá mynd 4), flestir með lauslegu yfirliti frá leikskólanum (41%) en nokkrir með viðtölum við leikskólakennara (12%). Um 41% umsjónarkennara merkti við að engar upplýsingar hefðu borist um það hvernig unnið hefði verið með börnin í leikskólanum og engin merkti við að leikskólinn hefði sent skriflega skýrslu eða að foreldrar hefðu komið upplýsingum til skila um þá þjálfun sem hefði átt sér stað í leikskólanum.

Mynd 4. Upplýsingar sem umsjónarkennarar segjast hafa fengið um íhlutun í leikskólanum hjá þeim nemendum sem sýndu slaka eða mjög slaka færni í HLJÓM-2




Flestir grunnskólakennarar fengu upplýsingar um einstaka nemendur frá aðila innan grunnskólans (53%) en í 29% tilfella var upplýsingum miðlað með kynningu frá leikskólanum. Um 12% grunnskólakennaranna töldu sig hafa fengið ófullnægjandi upplýsingar frá leikskólanum.

Grunnskólinn og niðurstöður prófsins

Meirihluti nemenda (59%) sem greinst höfðu í áhættuhópi í leikskóla fékk ekki sérkennslu eða stuðning hjá umsjónarkennara heldur fengu nemendurnir sömu mál- og hljóðkerfisæfingar (41%) eða fylgdu sömu námskrá og aðrir nemendur (18%) í 1. bekk. Um þriðjungur eða 35% nemenda sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2 hittu sérkennara reglulega og 6% fengu stuðning umsjónarkennara (sjá mynd 5).

Mynd 5. Lestrarkennsla nemenda í 1. bekk sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á skimunarprófinu HLJÓM-2



Meirihluti umsjónarkennara (59%) merkti við að þeir hefðu niðurstöður úr HLJÓM-2 í huga við lestrarkennslu eða til að byggja upp betri lestrarkennslu en 41% kennara sýndi hlutleysi varðandi þessi tengsl.

UMRÆÐA

Rannsóknin varpar ljósi á það hvernig niðurstöður HLJÓM-2 eru notaðar í leik- og grunnskólunum en vekur jafnframt upp spurningar og vangaveltur um það sem mætti betur fara. Í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna ríkti almenn ánægja með HLJÓM-2 meðal leikskólakennaranna sem flestir töldu að það nýttist vel eða mjög vel. Þeir sögðust enn fremur vinna sérstaklega með börn sem greinst hefðu í áhættuhópi eftir fyrirlögn prófsins. Aðeins fleiri leikskólakennarar sögðust leggja áherslu á almenna málörvun en þeir sem sögðust leggja áherslu á sértæk verkefni til að þjálfa hljóðkerfisvitund. Margt bendir til að miðlun upplýsinga til foreldra þyrfti að vera í fastari skorðum þó að foreldrar barna sem greindust í áhættuhópi segðust hafa fengið góðar upplýsingar og ráðgjöf. Það sama gildir um samvinnu milli skólastiga. Upplýsingar um það hvaða börn hefðu greinst í áhættu með lestrarerfiðleika bárust til grunnskólans en hins vegar fékk meirihluti þeirra sömu lestrarkennslu og önnur börn í bekknum. Takmörkuðum upplýsingum var miðlað milli skólastiga um það sem fólst í íhlutun leikskólans.

Hér á eftir verður rætt um leikskólann, foreldra og snemmtæka íhlutun, samvinnu skólastiga og grunnskólann.

Leikskólinn og HLJÓM-2

Samkvæmt lögum um leikskóla er eitt meginmarkmið leikskólans að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla er kveðið á um að standa skuli að forvarnarstarfi í leikskólum, gera snemmtækt mat á stöðu nemenda og leggja

áherslu á að nemendur fái stuðning og kennslu við hæfi (Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010). Þessi ákvæði reglugerðarinnar eru í anda hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar en í því felst að gripið sé til íhlutunar um leið og grunur vaknar um frávík í þroska (Morrow, 2001). HLJÓM-2 var hannað til að finna þau börn sem grunur léki á að ættu á hættu lestrarerfiðleika síðar þannig að hægt væri að byrja íhlutun snemma og jafnvel fyrirbyggja síðari erfiðleika. Í þessari rannsókn kom fram að flest börn sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á HLJÓM-2 fengu sérstaka örvun í leikskólunum, ýmist hvert í sínu lagi eða í hóp, sem er í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna (Guðrún Sigursteinsdóttir, 2007; Gyða Guðmundsdóttir, 2012; Margrét H. Þórarinsdóttir o.fl., 2010).

Til að íhlutunin skili tilætluðum árangri skiptir máli hvaða verkefni eru valin og hvernig hún er skipulögð. Sérstök íhlutun þarf að skila þeim árangri að barnið öðlist aukna færni á ákveðnum sviðum umfram þroska án íhlutunar. Í þessari rannsókn sögðu deildarstjórar að vinna með börnin væri ýmist með hvert þeirra fyrir sig eða í hóp, í sértækum verkefnum í hljóðkerfisvitund, eða með almennri málörvun. Spurningarnar í þessari rannsókn um eðli íhlutunarinnar voru ekki nægilega nákvæmar til að gefa skýra mynd af þeirri vinnu sem fer fram eftir að prófið er lagt fyrir. Samt sem áður bendir ýmislegt til þess að vinna deildarstjóranna hafi hvorki verið nógu markviss né skipulögð. Til að fá glögga mynd af því hvers konar íhlutun er heppileg í kjölfar HLJÓM-2 þarf að vera til staðar mikil og sérhæfð þekking á máltöku barna og á frávikum í málþroska og hljóðkerfisvitund. Einnig þurfa kennarar að þekkja vel til bernskulæsis og þeirra áætlana sem erlendar rannsóknir hafa sýnt að skili árangri. Snowling og Hulme (2011) telja að það sé lykilatriði að skilja til hlítar eðli og uppruna erfiðleika hvers einstaklings til að geta sett upp viðeigandi þjálfun. Ýmislegt bendir til þess að slík þekking sé ekki innan leikskólanna, hvorki á frávikum né heppilegum verkefnum til að íhlutun skili árangri í lestri og lestrarnámi. Leikskólakennarar hljóta ekki þjálfun í námi sínu til að greina málþroskafrávík eða átta sig á því hvaða íhlutun er heppileg í slíkum tilvikum. Engin námskeið fylgdu í kjölfar réttindanámskeiða HLJÓM-2 um íhlutun eða hvað ætti að gera eftir fyrir lögn. Í rannsókn Guðrúnar Sigursteinsdóttur (2007) kom fram að leikskólakennararnir töldu að til að sinna börnum með frávik þyrftu þeir að fá meiri stuðning, fræðslu og handleiðslu, sérstaklega frá talmeinafræðingum. Hliðstæðar niðurstöður komu einnig fram hjá Gyðu Guðmundsdóttur (2012) og í skýrslu um börn með tal- og málþroskaraskanir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen og Þóra Sæunn Úlfisdóttir, 2012). Pence, Justice og Wiggins (2008) athuguðu hvernig leikskólakennarar sinntu íhlutun barna sem sýndu frávík í máli en þar kom í ljós að kennararnir hefðu þurft meiri stuðning og nákvæmari leiðbeiningar frá talmeinafræðingum til að þjálfunin skilaði tilætluðum árangri. Leikskólakennarar í þessari rannsókn svöruðu einnig spurningum sem tengdust lestri og lestrarnámi og kom þá berlega í ljós að talsvert vantaði upp á þekkingu á einstökum hugtökum tengdum lestrarnámi (Guðrún Þóranna Jónsdóttir, 2010).

HLJÓM-2 er hugsað sem skimunarpróf og er almenn málþekking barna ekki athuguð heldur afmarkaðir þættir hennar, aðallega hljóðkerfisvitund samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu þess hugtaks (Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 2002; Snow o.fl. 1998). Með HLJÓM-2 eru ekki athugaðir aðrir grunnþættir málþekkingar eins og orðaforði eða málfræði- og setningafræðiþekking. Í kjölfar HLJÓM-2 fær meira en helmingur barnanna í Árnessýslu frekar almenna málörvun en vinnu með þætti í hljóðkerfisvitund. Þó að gera megi ráð fyrir að nokkur hluti barna í áhættuhópi þurfi almenna málörvun þurfa börn sem eru eingöngu í áhættu með sértæka lestrarerfiðleika eða erfiðleika í umskráningu fyrst og fremst þjálfun í hljóðkerfisvitund. Börn sem eru með frávík í almennum málþroska þyrftu að fá annars konar en einnig viðeigandi örvun. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að með markvissri íhlutun er hægt að hafa áhrif á málþekkingu barna, sérstaklega þjálfun hljóðkerfisvitundar (Bowyer-Crane o.fl., 2008; Snow o.fl., 1998). Rannsóknir sýna einnig að börn í áhættuhópi eru lengur að ná tókum á lestri en jafnaldrar þeirra og að bilið milli barna sem eiga í lestrarerfiðleikum og þeirra sem ekki glíma við lestrarerfiðleika hefur tilhneigingu til að breikka eftir því sem líður á skólagönguna. Sérstaklega á þetta við í þeim tilfellum þar sem ekki er brugðist nægilega snemma við (Torgesen, 2001; Vellutino o.fl., 2006). Miklu máli skiptir að nemendur í áhættuhópi fái kennslu við hæfi og glími við viðeigandi verkefni. Brynt er að rannsaka hvers konar íhlutun á sér stað í leikskólunum og hvernig væri hægt að skipuleggja hana þannig að hún skilaði sem bestum árangri með hagsmuni hvers barns að leiðarljósi.

Foreldrar og snemmtæk íhlutun

Í þessari rannsókn er í fyrsta skipti skoðað samstarf við foreldra eftir fyrirlögn HLJÓM-2 en hafa ber í huga að foreldrar svöruðu spurningunum ári eftir að skimunin með HLJÓM-2 fór fram. Með hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar að leiðarljósi eiga foreldrar að fá leiðbeiningar og stuðning ef barnið þeirra greinist í áhættuhópi. Samvinna við foreldra er nauðsynleg ef stuðla á að aukinni færni og örva málþroska barna eins og fram hefur komið í erlendum rannsóknum (Miedel og Reynolds, 1999; Sheridan o.fl., 2011).

Flestir foreldrar merktu við að þeir vissu að prófið hefði verið lagt fyrir. Hins vegar kom ýmislegt fram í svörum deildarstjóranna sem bendir til þess að samstarf við foreldra hefði mátt vera í fastari skorðum. Deildarstjórnir sögðust hafa upplýst foreldra betur um prófið og niðurstöður þess en fram kom í svörum foreldranna. Allt of fáir foreldrar merktu við að þeir hefðu fengið góðar upplýsingar eða skriflegar upplýsingar um útkomu prófsins, eða einungis um þriðjungur. Samvinna við foreldra barna sem sýndu slaka færni á prófinu virtist hins vegar vera til fyrirmyndar.

Leikskólakennarar gegna mikilvægu hlutverki við að upplýsa foreldra um mikilvægi málörvunar og einnig að rætt sé við börnin og lesið fyrir þau (Otto, 2010). Í nýútkominni skýrslu um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun kvörtuðu foreldrar um að erfitt hefði verið að finna upplýsingar um þjónustu og úrræði í boði fyrir börn með frávík í máli og tali en nefndu jafnframt að leikskólakennarar hefðu gegnt lykिलhlutverki við að upplýsa foreldra (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012).

Samvinna milli skólastiga

Nær allir umsjónarkennarar vissu að skimunin með HLJÓM-2 hefði farið fram og hvaða nemendur hefðu sýnt slaka eða mjög slaka færni í skimunarprófinu. Hins vegar virtust upplýsingar ekki berast til grunnskólans frá leikskólanum, þ.e. hvað hefði verið gert til að fyrirbyggja lestrarerfiðleika eða hvernig börnin hefðu tekið við þeirri íhlutun sem átti sér stað í leikskólanum. HLJÓM-2 var tvisvar lagt fyrir um 78% af nemendum sem greindust í áhættu þannig að upplýsingar um það hvort íhlutunin hefði skilað árangri hefðu átt að liggja fyrir sem og með hvaða þætti var unnið. Allt bendir til að upplýsingaflæðið milli skólastiga þurfi að vera í mun fastari skorðum og meira um skrifleg skil og gagnvirkt samstarf um læsi og lestrarnám. Í áður nefndri rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (2012) kom fram að engin dæmi voru um að grunnskólakennarar nýttu sér upplýsingar úr skimunarprófinu HLJÓM-2 við skipulag náms eða að í gangi væru sérstakar aðgerðir fyrir börn í 1. bekk sem greinst höfðu í áhættuhóp. Fram kom í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2004) að leikskólakennarar væru áhugasamari um samvinnu milli skólastiganna en grunnskólakennararnir. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Guðrúnar Sigursteinsdóttur (2007) um að grunnskólakennarar virtust sýna fyrirbyggjandi starfi leikskólans lítinn áhuga. Skólastjórnendur í grunnskólum þurfa að tryggja að grunnskólakennarar sem taka við nemendum í 1. bekk fái góðar upplýsingar frá leikskóla, fari helst í vettvangsheimsóknir og fylgist með verðandi nemendum sínum í starfi leikskólans. Grunnskólakennarar þurfa sérstaklega að leggja sig fram um að fá að vita hvernig nemendur tóku við þeirri kennslu sem fram fór í leikskólanum, hvort þeim hafi farið fram eða hvort jafnvel þurfi að breyta áhersluþáttum í kennslunni.

Grunnskólinn og HLJÓM-2

Umsjónarkennurum bar ekki saman í svörum um það hvernig HLJÓM-2 var nýtt í skólunum. Það gæti bent til þess að þeir hafi misskilið spurningarnar, notkun þess sé ekki eins alls staðar, eða þá að þeir þekki ekki nægilega vel til prófsins. Grunnskólakennarar sem kenna á yngsta stigi þurfa að þekkja til skimunartækisins og vita hvaða vísbendingar það gefur. Muter (2006) telur mikilvægt fyrir lestrarkennarann að fylgjast sérstaklega með þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum með þá þætti sem spá fyrir um lestrarerfiðleika og að lestrarkennarinn nýti sér slíkar upplýsingar við að byggja upp kennslu viðkomandi barns. Nær allir umsjónarkennarar vissu hvaða nemendur hefðu greinst í áhættuhópi en samt fékk meirihluti (59%) barnanna í áhættuhópi sömu lestrarinnlögn og aðrir nemendur sem jafnvel voru orðnir læsir eða komnir vel á veg með lestur. Tæplega 60% umsjónarkennara 1. bekkja töldu að niðurstöður HLJÓM-2 hefðu nýst þeim að einhverju leyti við lestrarkennslu, sem virðist vera frekar ótrúverðugt þar sem jafnframt kemur fram að meirihluti grunnskólakennara virðist ekki breyta kennsluháttum fyrir börn í áhættuhópi.

LOKAORÐ

Skimunarprófið HLJÓM-2 virðist virka eins og vonir stóðu til þegar það var hannað. Leikskólakennararnir eru ánægðir með það og börn sem greinast í áhættu fá sérstaka örvun í leikskólanum. Hins vegar þarf að skoða betur hvers konar íhlutun fylgir í kjölfar skimunarinnar og rannsaka hvers konar íhlutun skilar bestum árangri fyrir barnið og framtíð þess. Einnig þarf að kanna hvort deildarstjórar í leikskólunum þurfi meiri leiðbeiningar eða nákvæmari þjálfunaráætlanir til að byggja á. Upplýsingastreymi til foreldra og grunnskóla þarf að vera í miklu fastari skorðum, sérstaklega um eðli og form þeirrar íhlutunar sem á sér stað í leikskólanum. Grunnskólakennarar þurfa að vera meðvitaðri um þá snemmtæku íhlutun og undirbúning lestrarnáms sem fram fer í leikskólunum. Grunn- og leikskólakennarar þurfa að taka höndum saman og tryggja að skólaganga barna myndi samfellda heild og nám og reynsla í leikskólum verði sá grunnur sem grunnskólanámið geti byggst á.

ATHUGASEMD

Greinin er byggð á meistaraþrófsrannsókn Guðrúnar Þórönnu Jónsdóttur (2010) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Jóhanna T. Einarsdóttir var leiðbeinandi hennar og Steinunn Torfadóttir sérfræðingur verkefnisins.

HEIMILDIR

- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þróun HLJÓM-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Uppeldi og menntun*, 12(1), 9–30.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppleði og menntun*. Sótt 29. júlí 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). *Skýrsla um mál-umhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Borstrom, I. og Elbro, C. (1997). Prevention of dyslexia in kindergarten: Effects of phoneme awareness training with children of dyslexic parents. Í C. Hulme og M. Snowling (ritstjórar), *Dyslexia: Biology, cognition and intervention* (bls. 235–253). London: Whurr.
- Bowyer-Crane, C., Snowling, M. J., Duff, F. J., Fieldsend, E., Carroll, J. M., Miles, J. o.fl. (2008). Improving early language and literacy skills: Differential effects of an oral language versus a phonology with reading intervention. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49(4), 422–432.
- Bradley, L. og Bryant, P. (1983). Categorizing sounds and learning to read: A causal connection. *Nature*, 301(3), 419–421.

- Catts, H. W., Fey, M. E., Tomblin, J. B. og Zhang, X. (2002). A longitudinal investigation of reading outcomes in children with language impairments. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 45(6), 1142–1157.
- Diggle, T. T. J. og McConachie, H. H. R. (2002). Parent-mediated early intervention for young children with autism spectrum disorder. *Cochrane Database of Systematic Reviews*, 2002(2). Art. No.: CD003496. DOI: 10.1002/14651858.CD003496
- Elbro, C. og Petersen, D. K. (2004). Long-term effects of phoneme awareness and letter sound training: An intervention study with children at risk for dyslexia. *Journal of Educational Psychology*, 96(4), 660–670.
- Eydís Stefanía Kristjánsdóttir og Kristín Birgisdóttir. (2010). *Er hægt að greina lesblindu hjá leikskólabörnum? Notkun á HLJÓM-2 á leikskólum*. B.Ed.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri.
- Foorman, B. R., Anthony, J., Seals, L. og Mouzaki, A. (2002). Language development and emergent literacy in preschool. *Seminars in Pediatric Neurology*, 9(3), 173–184.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Goswami, U. og Bryant, P. E. (1990). *Phonological skills and learning to read*. London: Erlbaum.
- Guðrún Bjarnadóttir. (2004). Markviss málörvun – forspá um lestur. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 185–194.
- Guðrún Þóranna Jónsdóttir (2010). „Víst vil ég lesa...“: Undirstöðuþættir lestrarnáms í leik- og grunnskóla. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Guðrún Sigursteinsdóttir. (2007). *Bernskulæsi – lestrarerfiðleikar: Þekking brúar bilið*. Meistaraprófsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Gyða Guðmundsdóttir. (2012). *Undirstöðuþættir fyrir lestrarfærni leikskólabarna: Þjálfun hljóðkerfis- og málvitundar barna sem grunur leikur á að séu í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika samkvæmt niðurstöðum HLJÓM-2*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Hagtölur*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/Hagtölur/Skolamal>
- Hayiou-Thomas, M. E., Harlaar, N., Dale, P. S. og Plomin, R. (2010). Preschool speech, language skills, and reading at 7, 9, and 10 years: Etiology of the relationship. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 53(2), 311–332.
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (1999). *Markviss málörvun: Þjálfun hljóðkerfisvitundar* (2. útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hoff, E. (2003). The specificity of environment influence: Socioeconomic status affects early vocabulary development via maternal speech. *Child Development*, 74(5), 1368–1378.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2009). Málþroski, sjálfstjórn og læsi fjögurra og sex ára íslenskra barna: Kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöður. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 645–657). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jørgensen og Þóra Sæunn Úlfsdóttir. (2012). *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun: Úttekt unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið*. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi. Sótt 8. ágúst 2012 af <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1088.pdf>
- Hulme, C. og Snowling, M. J. (2009). *Developmental disorders of language learning and cognition*. Chichester: Wiley-Blackwell.
- Huttenlocher, J., Vasilyeva, M., Cymerman, E. og Levine, S. C. (2002). Language input at home and at school: Relation to syntax. *Cognitive Psychology*, 45(3), 337–374.
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *HLJÓM-2: Handbók*. Reykjavík: Höfundar.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 209–227.
- Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2004). Málþroskamælingar leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 67-90.
- Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska: Frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla – Vef tímarit um uppleddi og menntun*. Sótt 29. júní 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>
- Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2007). *Tillögur og greinargerð starfshóps um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum*. Sótt 5. febrúar 2012 af <http://reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/skyrslur/Skyrsla-Malogleasi.pdf>
- Lundberg, I. (1994). Reading difficulties can be predicted and prevented: A Scandinavian perspective on phonological awareness and reading. Í C. Hulme og M. J. Snowling (ritstjórar), *Reading development and dyslexia* (bls. 180–199). London: Whurr.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- McMillan, J. H. (2012). *Educational research: Fundamentals for the consumer* (6. útgáfa). Boston: Pearson.
- Margrét H. Þórarinsdóttir, Júlíana Harðardóttir, Björg Alfreðsdóttir, Ingibjörg Bjarklund og Agnes Agnarsdóttir. (2010). *Könnun á notkun HLJÓM-2 í leikskólum á Íslandi*. Sótt 12. ágúst 2012 af <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8917>
- Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*. Sótt 5. febrúar 2012 af http://www.reykjavik.is/Portaldatal/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf/skjol/skyrslur/greinagerd_samstarf_leikoggrunnskola.pdf
- Miedel, W. T. og Reynolds, A. J. (1999). Parent involvement on early intervention for disadvantaged children: Does it matter? *Journal of School Psychology*, 37(4), 379–402.
- Morrow, L. M. (2001). *Literacy development in the early years: Helping children read and write* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

- Muter, V. (2006). The prediction and screening of children's reading difficulties. Í M. J. Snowling og J. Stackhouse (ritstjórar), *Dyslexia, speech and language: A practitioner's handbook* (2. útgáfa, bls. 54–73). London: Whurr.
- Oakhill, J. V., Cain, K. og Bryant, P. E. (2003). The dissociation of word reading and text comprehension: Evidence from component skills. *Language and Cognitive Processes*, 18(4), 443–468.
- Otto, B. (2010). *Language development in early childhood* (3. útgáfa). Upper Saddle River: Pearson.
- Pence, K. L., Justice, L. M. og Wiggins, A. K. (2008). Preschool teachers' fidelity in implementing a comprehensive language-rich curriculum. *Language, Speech, & Hearing Services in Schools*, 39(3), 329–341.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584 / 2010.
- Shaywitz, B. A., Shaywitz, S. E., Blachman, B. A., Pugh, K. R., Fulbright, R. K., Skudlarski, P. o.fl. (2004). Development of left occipitotemporal systems for skilled reading in children after a phonologically-based intervention. *Biological Psychiatry*, 55(9), 926–933.
- Sheridan, S. M., Knoche, L. L., Kupzyk, K. A., Edwards, C. P. og Marvin, C. A. (2011). A randomized trial examining the effects of parent engagement on early language and literacy: The Getting Ready intervention. *Journal of School Psychology*, 49(3), 361–383.
- Snow, C. E., Burns, M. S. og Griffin, P. (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington: National Academy Press.
- Snowling M. J. og Hulme C. (2011). Evidence-based interventions for reading and language difficulties: Creating a virtuous circle. *British Journal of Educational Psychology*, 81(1), 1–23.
- Torgesen, J. K. (2001). The theory and practice of intervention: Comparing outcomes from prevention and remediation studies. Í A. Fawcett (ritstjóri), *Dyslexia: Theory and good practice* (bls.185–202). London: Whurr.
- Torgesen, J. K. (2002). The prevention of reading difficulties. *Journal of School Psychology*, 40(1), 7–26.
- Torgesen, J. K., Wagner, R. K., Rashotte, C. A., Rose, E., Lindamood, P., Conway, T. og Garvan, C. (1999). Preventing reading failure in young children with phonological processing disabilities: Group and individual responses to instruction. *Journal of Educational Psychology*, 91(4), 579–593.
- Tryggvi Sigurðsson. (2003). *Snemmtæk íhlutun: Markmið og leiðir*. Sótt 12. ágúst 2012 af <http://www.greining.is/media/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>
- Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun – yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Þroskahömlun barna: Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 119–125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vellutino, F. R., Fletcher, J.M., Snowling, M. J. og Scanlon, D. M. (2004). Specific reading disability (dyslexia): What have we learned in the past four decades? *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45(1), 2–40.

Vellutino F. R., Scanlon, D. M., Small, S. og Fanuele, D. P. (2006). Response to intervention as a vehicle for distinguishing between children with and without reading disabilities: Evidence for the role of kindergarten and first-grade interventions. *Journal of Learning Disabilities*, 39(2), 157–169.

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–355). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Greinin barst tímaritinu 29. apríl 2011 og var samþykkt til birtingar 13. janúar 2013

UM HÖFUNDANA

Guðrún Þóranna Jónsdóttir (gthoranna@vallaskoli.is) er deildarstjóri sérkennslu við Vallaskóla á Selfossi. Hún lauk meistaraþrófi frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2010. Guðrún lauk kennaraþrófi frá Kennaraskóla Íslands 1970 og sérkennara-réttindum frá Lärarhögskolan í Mölndal, Gautaborg, Svíþjóð 1977. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari/sérkennari í u.þ.b. 35 ár. Fagleg áhugamál hennar eru lestrarfræði og sérkennsla.

Jóhanna T. Einarsdóttir (jeinars@hi.is) er lektor á Menntavísindasviði og dósent á Heilbrigðisvísindasviði. Hún lauk meistaraþrófi í talmeinafræði 1986 frá Kennaraháskólanum í Kiel í Þýskalandi og doktorsþrófi í líf- og læknávisindum 2009 frá læknadeild Háskóla Íslands. Hún hefur starfað sem talmeinafræðingur í rúm 25 ár, fyrst hjá Reykjavíkurborg og síðan á eigin stofu. Rannsóknir Jóhönnu hafa beinst að málþekkingu leikskólabarna og hljóðkerfisvitund auk rannsókna á stami hjá börnum og fullorðnum. Hún er einn höfunda HLJÓM-2.

The use of an Icelandic screening phonological and metalinguistic awareness test HLJÓM-2 in Icelandic pre-and elementary schools in the county Árnessýsla in Iceland

ABSTRACT

The purpose of this study was to examine the use of a metalinguistic awareness screening test HLJÓM-2 within three groups of interest; the parents of the screened children, the preschool teachers who screened the children and the children's first grade teachers in elementary schools in a defined area (Árnessýsla) in Iceland.

The HLJÓM-2 is a research based screening test, developed from investigations carried out in the years 1996–2002 on Icelandic preschool children's language knowledge and later reading achievements. The test was developed to be used within the Icelandic preschools to identify children at risk of later reading difficulties before formal reading instructions began. The result of the test at age five predicts academic achievement on Icelandic national tests throughout the compulsory school, or to the age of 16 years. Previous researches show that the strongest relationship was between the HLJÓM-2 and the national standardized tests in mathematics in Grade 4 and Icelandic in Grades 4, 7 and 10.

Approximately 1000 preschool teachers have attended a short course, received a test certificate and are allowed to use the test. The test is used within the majority of Icelandic preschools. The test was designed for preschool teachers to identify children at risk in their own group. Almost every Icelandic preschooler (4.9 years to 5.11 years) is assessed with the test.

In this study, questionnaires were sent to all first grade teachers, all preschool teachers and all parents of first grade primary school children in the district Árnæssýsla. Árnæssýsla is a large county in the south of Iceland with approximately 8000 inhabitants, 15 preschools and 10 primary schools. The response rate was high or 75% to 95%; parents (75% of 214), preschool teachers (94% of 31) and primary school teachers (95% of 19). The questionnaires were developed to answer questions on the use of the HLJÓM-2, the parents' knowledge of the test, the identification and the intervention for the children at risk after the screening and the continuity of education between school levels.

The results showed that the HLJÓM-2 test was used in 14 out of 15 preschools in Árnæssýsla. Almost all preschool teachers (93%) reported positive experience of using the screening test within their preschools. They used test results to create early intervention strategies on phonological awareness and language knowledge for the oldest children in the preschool age group of 4.9 to 6 years. Almost all (96%) children identified at risk received special intervention within the preschool, either individually or in small groups. The intervention strategies either emphasized increasing the whole language knowledge (51%) or working precisely on phonological awareness (45%). The majority of the parents knew about the test and that their children were supposed to be screened. However, only a third of the parents reported having received an explanation of the test result, either at a special meeting or in a written report. Although collaboration on language intervention and literacy between the two school levels (preschools and compulsory schools) seems to be lacking, the majority of the first grade school teachers reported having received information about the children who were identified at risk within the preschool. The first grade teachers did not know about the intervention strategies used within the preschool and there was lack of formal reporting between the two school levels. The majority of children identified at risk within the preschool did not receive any special reading instructions or support from their first grade teachers, but were given the same reading instructions as all the other children.

From the result of this study, it is concluded that it is important to investigate precisely the intervention strategies used within the preschools. It is essential to explore whether the intervention is effective and beneficial for supporting and promoting the children's language knowledge and helping them to cope with their reading proficiencies. It is of central importance to provide preschool teachers with more intensive training on basic facts and concepts of reading instruction and metalinguistic features, as well as making available consultations from specialists, such as speech and language pathologists. It is necessary to strengthen cooperation between educational levels and with parents and create better continuity in children's education.

Keywords: Phonological awareness screening tool (HLJÓM-2), early intervention, reading education, cooperation between educational levels

ABOUT THE AUTHORS

Gudrun Thoranna Jonsdottir (gthoranna@vallaskoli.is) is head of special education in Vallaskóli in Selfoss, Iceland. She received a master's degree from the University of Iceland, School of Education in 2010. Gudrun completed her teacher's degree from the Teacher Training College of Iceland in 1970 and a special educational certificate from Lärarhögskolan in Mölndal, Gothenburg, Sweden 1977. She has worked as a primary school teacher / special education teacher for about 35 years. Her professional interests include reading research and special education.

Johanna T. Einarsdottir (jeinars@hi.is) is assistant professor at the School of Education and associate professor at the School of Health Sciences, University of Iceland. She received a master's degree, 1986, in speech and language pathology at the University of Education in Kiel, Germany, and a PhD in Medical Science, 2009, from the Faculty of Medicine of the University of Iceland. She has worked as a speech and language pathologist for over 25 years, initially within the special educational department at the city of Reykjavík and subsequently in private practice, Talþjálfun Reykjavíkur. Her studies have focused on language acquisition and phonological awareness as well as research on stuttering in children and adults. She is one of the authors of the phonological awareness test HLJÓM-2.